LITLA GULA PEYSAN



HÖFUNDUR: EDDA LILJA GUÐMUNDSDÓTTIR

Litla gula peysan skartar kennimerki Lífsbrúar - miðstöðvar sjálfsvígsforvarna. Hægt er að nota peysuna, t.d. á lyklakippu eða sem hálsmen. Í kennimerki Lífsbrúar er notað tímalaust myndmál. **Semikomman** stendur fyrir það að saga einstaklings er ekki lokið, það er alltaf framhald á eftir semikommu. **Brúin** er tákn fyrir leið yfir erfiðleika. Saman mynda táknin sterka og vonríka ásýnd. Guli liturinn táknar ljós og von, auk þess sem hann er á heimsvísu gjarnan tengdur sjálfsvígsforvörnum meðan blái liturinn stendur fyrir traust og stöðugleika. Hugmyndin er að merkið vísi í ljós í myrkri, bjóði upp á stuðning og sýni að við erum öll saman í þessu, aldrei ein.
Litla gula peysan mun verða seld og allur ágóði renna til sjálfsvígsforvarna.Á árinu munu verða haldin prjónakaffi og samprjón á Facebook. Vonandi verður til hópur fólks sem prjónar eftir uppskrift Eddu Lilju, ýmist einir eða með öðrum. Á þennan hátt nýtist styrkur og samvinna prjónafólks málaflokknum en verður vonandi líka til þess að tengja saman fólk og skapa góðar prjónasamverustundir.
Hægt er að skila inn peysunum á prjónakaffi hittingum eða í prjónabúðina **Maró**, Hlíðarfót 11, 102 Reykjavík hvenær sem er.

Kærar þakkir fyrir stuðninginn!

Hvað þarf

Í peysuna þarf c.a 8 gr af garni í fingering grófleika. (400m /100 gr) og smá bút í öðrum lit fyrir mynstur. Einnig hægt að nota tvöfalt mohair, kambgarn, einband, fjallalopa eða hvað sem er sem hentar prjónastærðinni.
Þú þarft 4 prjónamerki, lítil og nett.
3 mm prjóna (ekkert stórmál ef þú átt bara 2,5mm eða 3,5 mm)

Skammstafanir

br = brugðið

fm = færið merki

l = lykkja/lykkjur

prj = prjónið

sl = slétt

sm = setjið merki

2ss = prjónið 2 lykkjur slétt saman

útH = Útaukning sem hallar til hægri: aukið í 1 lykkju með því að lyfta upp þverbandinu með vinstri prjóni aftan frá, prjónað slétt í fremra bandið.

útV= Útaukning sem hallar til vinstri: aukið í 1 lykkju með því að lyfta upp þverbandinu með vinstri prjóni framan frá, prjónið slétt í aftara bandið.

Kaðall: Setjið næstu lykkju (gul lykkja) á hjálparprjón og geymið fyrir aftan, prjónið næstu lykkju slétt (blál lykkja), prjónið næst gulu lykkjuna af hjálparprjóninum slétt snúna (prjónið í gegnum aftara bandið).

Leiðbeiningar

Peysan er prjónuð frá hálsmáli og niður.

Fitjið upp 16 lykkjur með 3 mm prjón.
Tengið saman í hring og prjónið 4 umferðir stroff (2 sl, 2 br).

Í næstu umferð eru sett merki fyrir laska útaukningar. (Ég nota magic loop aðferðina og skipti niður á prjónana þannig að ég þarf bara tvö prjónamerki, eins er hægt að sleppa þeim alveg ef skipt er niður á 4 prjóna og miða bara við það, s.s. 5l á fyrsta prjón, 3 á næsta o.s.frv)

1.umf: 3 sl (ermi), sm, 5 sl (framstykki), sm, 3 sl (ermi), sm, 5 sl (bak), sm.
Þá byrja laska útaukningar.
2.umf: * 1 sl, útV, prj sl að síðustu l fyrir merki, útH, 1 sl, fm *, endurtakið frá * til * út umferð. (aukið var út um 8 l)
3.umf: prj slétt allan hringinn og færið merkin þegar komið er að þeim.

Endurtakið umferðir 2 og 3, þrisvar sinnum í viðbót (samtals eru þá 4 útaukningarumferðir)
Þá eiga að vera komnar 48 lykkjur.


Skipting í bol og ermar

Setjið fyrstu 11 lykkjurnar á hjálparband (ermalykkjur), fitjið upp 2 l, prj næstu 13 l (framstykki), setjið næstu 11 l á hjálparband (ermalykkjur), fitjið upp 2 l, prj næstu 13 l (bakstykki). Prjónið eina slétt og setjið þar merki fyrir byrjun umferðar. (30 l á prjóninum)

Prjónið áfram eftir munstri 1 á næstu blaðsíðu.

ATH - *Munstrið er prjónað tvisvar yfir umferðina. Í fyrstu og næst síðustu umferð er frekar langt á milli litaskipta og gott að fleyta munstur litnum tvisvar á leiðinni.*

Munstur 1



Prj 4 umferðir stroff (2 sl, 1 br).
Fellið af.

Ermar

Færið ermalykkjurnar af auka bandinu og uppá prjóninn (11 l), takið upp 2 lykkjur úr uppfitjuðu lykkjunum undir ermi, tengið saman í hring. (13 l)
Prjónið slétt þar til ermi mælist 3 cm.
Úrtökuumferð: (1 sl, 2 slSaman) x4, 1 sl. (9 l)
Prjónið svo 3 umferðir stroff (2 sl, 1 br).

Fellið af og gangið frá endum.

Lífsbrú

Miðstöð sjálfsvígsforvarna

Lífsbrú var formlega stofnuð árið 2023. Markmið Lífsbrúar er að fækka sjálfsvígum á Íslandi í samræmi við áætlun stjórnvalda. Það verður gert með því að velja gagnreyndar aðferðir sem reynst hafa vel í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Einnig að þróa og innleiða verklag, fræðsluefni og leiðbeiningar til að nota á öllum stigum forvarna, ásamt því að stuðla að vitundarvakningu og símenntun. Markmiðum verður náð með breiðri samvinnu fagfólks, notenda, stofnana og félagasamtaka en einnig með fjáröflun til sjálfsvígsforvarna.

